

Fundargerð fulltrúaráðsfundar 19. janúar birtist hér:

Fundarefni: Fulltrúaráðsfundur foreldrafélags Álfhólsskóla

Dags.: 19. janúar 2016

Fundarmenn: Stjórn foreldrafélagsins, bekkjarfulltrúar og fulltrúar skólaráðs, skólastjórnendur

Ritað af: Íris Lena Leósdóttir

1. Fundur settur.

Kristín Andrea formaður stjórnar setti fundinn kl. 20.00 í kennarastofu Hjalla.

2. Nemendaráð

Fulltrúar nemenda í nemendaráði mættu ásamt Hallgrími Geir Gylfasyni og sýndu myndband um starf og hlutverk ráðsins sem þau höfðu gert. Í nemendaráði eru kosnir fulltrúar nemenda úr 6. – 10. bekk, og eru þeir kosnir til eins árs í nemendaráð og til tveggja ára í skólaráð. Mikill áhugi er meðal nemenda að vera í ráðinu og hefur verið fjölgað í því. Fundir eru mánaðarlega og gefst þeim þar tækifæri til að ræða það sem þeim finnst að megi bæta og laga í skólastarfinu og umhverfinu. M.a. hafa þau komið með tillögur að bættu aðgengi að bókasafni og tóku þátt í gerð reglna um spjaldtölvur.

3. Dægradvöl

Hanna Rut Heimisdóttir, nýr forstöðumaður Álfhóls dægradvalar kynnti starf dægradvalar, aðferðafræðina sem farið er eftir í starfinu og áherslur þeirra. Dvöl barnanna í dægradvöl flokkast sem frítími barnanna og á ekki að nota hann í heimanám heldur að styðja við börnin, fræða þau óformlega og leyfa þeim að velja hvernig þau verja tíma sínum. Notast er við Learning by doing aðferðafræði og fjölgreindarkenningu þar sem allir eru jafnir þó við séum ólík og með hæfni á ólíka vega. Klúbbastarf 4. bekkjar hefur komið vel út í vetur og var lagt til að bjóða upp á það einnig fyrir 5. og 6. bekk. Mikil almenn ánægja er með þann viðsnúning sem dægradvölin hefur tekið, bæði meðal nemenda og foreldra.

4. Varafulltrúi í skólaráði óskast

Óskað var eftir varafulltrúa foreldra í skólaráð þar sem fyrrverandi varafulltrúi er fluttur úr bæjarfélaginu. Enginn bauð sig fram en fólk hvatt til að hafa samband við foreldrafélagið.

5. Öryggisnefnd

Öryggisnefnd foreldrafélagsins hittist um daginn þar sem farið var yfir ýmislegt sem snýr að umhverfi skólanna, skólalóða, göngustíga og aðkomu að skóla. Einna helst var rætt um snjómokstur, lýsingu og hálkuvörnir sem þarfnast úrbóta. Einnig fóru tveir úr nefndinni, Jón Gunnar Kristinsson og Ingvar Þór Stefánsson, í göngu um svæðin og tóku niður punkta. Útkoman er skýrsla með tillögum að úrbótum sem verður send foreldrafélaginu, skólanum og Kópavogsbæ með kröfum um úrbætur.

6. Hópavinna – Skemmtilegar skólalóðir

Bekkarfulltrúar fengu það hlutverk að ræða í hópum skólalóðir við bæði Hjalla og Digranes og koma með tillögur að nýtingu þeirra. Margar góðar tillögur komu fram sem sendar verða til skólastjórnar.

7. Fundi slitið

Formaður sleit fundi kl. 21:45